

Alþingi  
Erindi nr. P 139/622  
komudagur 2.12.2010



HLUTVERK

Samtök um vinnu og verkþjálfun

Kópavogi, 29. nóvember 2010

Til félags- og tryggingarmálanefndar Alþingis  
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður

Alþingi,  
150 Reykjavík

**Efni:**

**Nokkur orð um jafna stöðu fatlaðra og ófatlaðra til þjónustu og stuðnings í atvinnumálum. Sett fram með tilvísun til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.**

Undirritaður sendir ykkur þetta bréf sem formaður í *Hlutverki* – samtökum um vinnu og verkþjálfun.

Tilfni þess að senda nefndinni og nefndarmönnum þessar línur er frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum, sem lagt var fram á Alþingi 25. nóvember og vísað til umfjöllunar í félags og tryggingarmálanefnd.

Stjórn Hlutverks vill að þessu tilefni vekja athygli á stöðunni í atvinnumálum fatlaðra. Þetta er málefni sem brennur á sambandsaðilum í okkar samtökum en þau eru heildarsamtök vinnu- og hæfingarstaða fatlaðra.

Atvinna og tilhögun atvinnumála skiptir fatlaða miklu máli, rétt eins og ófatlaða. Vert að muna að það hefur verið á verkefnaskrá félagsmálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar frá miðju ári 2006 að flytja atvinnumál fatlaðra frá svæðisskrifstofum til Vinnumálastofnunar. Þessi yfirfærsla er ekki enn komin til framkvæmda þó lagafyrirmæli séu ótvíræð og auðvitað lögbrot að framfylgja ekki þessum vilja Alþingis og einnig hefur þetta verið ítrekuð stefna síðustu þriggja eða fjögurra félagsmálaráðherra.

## Atvinnumál fatlaðra – jafnræði allra Íslendinga

Á Íslandi hafa atvinnumál og vinnumarkaðsaðgerðir allra nema fatlaðra einstaklinga heyrð undir starfssvið Vinnumálastofnunar. Atvinnumál fatlaðra hafa aftur á móti verið hluti af félagsþjónustukerfinu og þau heyra í dag undir svæðisskrifstofur málefna fatlaðra eða félagsþjónustu sveitarfélaga. Þessi lögbundna aðgreining fatlaðra og ófatlaðra brýtur í bága við grundvallar mannréttindi og er í mótsögn við það sem almennt tíðkast. Aðgreiningin er hvorki í samræmi við almenna stefnumótun né sáttmála SP um réttindi fatlaðra, sem Ísland er aðili að.

*Hlutverk* hefur lengi barist fyrir því að atvinnumál fatlaðra séu á sama stað í stjórnkerfinu og atvinnumál annarra Íslendinga. Þessi barátta skilaði loks árangri þegar Alþingi samþykkti í júnímánuði 2006 ný lög um vinnumarkaðsaðgerðir. Þar er skýrt kveðið á um að atvinnumál allra, einnig fatlaðra, skuli heyra undir Vinnumálastofnun. Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að flutningur atvinnumála fatlaðra til Vinnumálastofnunar skuli hefjast strax að lögunum samþykktum.

Þrátt fyrir þessi skýru ákvæði hefur ekkert þokast í þá átt að flytja atvinnumál fatlaðra til Vinnumálastofnunar. Það er með öllu óskiljanlegt að þetta mál skuli hafa verið hjá ráðuneytinu allan þennan tíma án þess að lögunum sé hrint í framkvæmd. Ráðuneyti og Vinnumálastofnun réðu ekki verkefnastjóra til að sinna verkefninu fyrr en 1. ágúst 2008. Þegar hann hóf störf hafði engin undirbúningsvinna farið fram og ekkert verið unnið samkvæmt verkáætlun sem ráðuneytið kynnti í stjórn Vinnumálastofnunar í desember 2007. Samkvæmt henni átti yfirfærslu að vera lokið 1. september 2008. Nú, rúmum fjórum árum eftir samþykkt laganna og tveim árum eftir að verkefnisstjórinn hóf störf, er málið enn í biðstöðu. Tekið skal fram að starfsmaðurinn er löngu hættur störfum.

Þess má geta hér að Jóhanna Sigurðardóttir þáverandi félagsmálaráðherra tilkynnti opinberlega að atvinnumál fatlaðra færu til Vinnumálastofnunar 1. janúar 2009.

Á þeim tíma sem liðinn er frá samþykkt laganna hafa fulltrúar *Hlutverks*, fundað margsinnis með ráðherrum og fulltrúum ráðuneytis og Vinnumálastofnunar um framgang verkefnisins. Þar hefur ávallt komið fram að allir telja yfirfærsluna mjög brýna og að setja þurfi kraft í hrinda henni í framkvæmd. Þrátt fyrir þetta hefur lítið sem ekkert gerst. Þessar tafir eru í senn óskiljanlegar og óásættanlegar.

*Öryrkjabandalag Íslands* og *Landssamtökin Þroskahjálp* styðja eindregið flutning atvinnumála fatlaðra til Vinnumálastofnunar og hafa lýst yfir áhyggjum sínum af því hversu framkvæmdin dregst á langinn.

*Hlutverk* leggur áherslu á mikilvægi þess að tryggja jafnræði allra hvað varðar þjónustu og stuðning í atvinnumálum. Það er kominn tími til að láta lögbundna aðgreiningu heyra sögunni til í atvinnumálum á sama hátt og stefnt er að með aðra þjónustu við yfirfærslu til sveitarfélaga.

Við eigum að hafa þjónustukerfi sem er í samræmi við jafnréttiskröfu fatlaðra. Þessi breyting er líka forsenda þess að Ísland uppfylli ákvæði sáttmála SP um réttindi fatlaðra.

Ég ítreka að þetta er verkefni sem skiptir miklu máli þegar litið er til réttinda fatlaðra einstaklinga og það er ekki bara eðlilegt heldur einnig lögbundið að Vinnumálastofnun sinni atvinnumálum fatlaðra og annarra með skerta vinnugetu.

Atvinnumál fatlaðra einstaklinga eiga ekki að vera aukabúgrein hjá svæðisskrifstofum og félagsþjónustu sveitarfélaga en þau falla lítt að annarri starfsemi sem heyrir undir svæðisskrifstofur og félagsþjónustu. Vert er að hafa í huga að stór hluti sambandsaðila *Hlutverks* hefur gert kjarasamninga um starfskjör, réttindi og skyldur fatlaðra starfsmanna. Fatlaðir starfsmenn njóta því sömu stöðu og sambærilegra kjara og aðrir á vinnumarkaði.

Stjórn *Hlutverks* sér að í því frumvarpi sem lagt hefur verið fram að flytja á atvinnumál fatlaðra (vinnustaði, starfsþjálfunarstaði og atvinnu með stuðningi) til sveitarfélaga í tengslum við yfirfærslu almenntar þjónustu við fatlaða einstaklinga. Þessi áform eru í algeru ósamræmi við lög, yfirlýsingar ráðherra og samtöl við ráðuneyti og Vinnumálastofnum um atvinnumál fatlaðra á liðnum árum.

Einu skýringar sem við höfum fengið frá fulltrúum *Félags- og tryggingamálaráðuneytisins*, *Sambands íslenskra sveitarfélaga* og *Vinnumálastofnunar* eru þær að ástæða þessa sé að þegar samið var um fjárhagsramma yfirfærslunnar hafi niðurstöðutölur á rekstri svæðisskrifstofa verið lagðar saman og meðgjöf ríkisins vegna þessara yfirfærslu á þjónustu við fatlaða til sveitarfélaganna reiknuð á þeim grunni. Þjónusta í atvinnumálum fatlaðra sem gjaldfærð er hjá svæðisskrifstofunum var (vegna mistaka?!) ekki dregin frá. Sem auðvitað hefði átt að gera til að geta uppfyllt fyrirmæli laga nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir sem m.a. kveða á um að atvinnumál fatlaðra heyri undir Vinnumálastofnun.

Staðan virðist því vera sú í dag að starfsemi sem ekki fær rekstrarfé frá svæðisskrifstofum er undanskilin því að flytjast til viðkomandi sveitarfélags. Aðrar starfseiningar s.s. atvinna með stuðningi, starfsþjálfun og vinnustaðir fatlaðra flytjast til sveitarfélaga um áramótin, en nota á næsta ár til að skoða málin nánar.


Við sjáum ekki hvernig framkvæmdin verður ef reksturinn er hjá sveitarfélögum en forræði og ábyrgð á vegum Vinnumálastofnunar. Ef þetta verður niðurstaðan þarf alla vega að setja um þetta mun skýrari ákvæði en er í frumvarpinu.

Það er fullkomlega óásættanlegt út frá grundvallarmannréttingum að hafa kerfi þar sem allir nema fatlaðir einstaklingar sækja sína þjónustu og stuðning í atvinnumálum til Vinnumálastofnunar (ríkisstofnun) á sama tíma og einstaklingar með fötlun fara á afgreiðslu félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem þeir búa.

Stjórn *Hlutverks* hvetur félags- og tryggingarmálanefnd til að skoða þau sjónarmið og athugasemdir sem fram eru sett hér að ofan.

Stjórn *Hlutverks* er einnig tilbúin til að senda fulltrúa sína til viðræðna við nefndina um þau atriði frumvarpsins sem snúa að atvinnumálum fatlaðra og þau atriði sem við höfum tilgreint hér að ofan.

Með vinsemd og virðingu,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Kristján Valdimarsson', written over a horizontal line.

Kristján Valdimarsson, formaður *Hlutverks*

*Samrit sent öllum nefndarmönnum í félags- og tryggingarmálanefnd Alþingis*